

Fundur verkefnishóps Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Verkefnishópur um óformlega sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps kom saman til fundar þann 12. febrúar 2024 í Ráðhúsi Borgarbyggðar og fjarfundur.

Fundinn sátu:

- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður verkefnishóps
- Guðveig Eyglóardóttir, frá Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Frá Borgarbyggð
- Jón Einarsson, frá Skorradalshreppi
- Guðný Elíasdóttir, frá Skorradalshreppi
- Róbert Ragnarsson frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG. Lilja Ósk ritaði fundargerð.

RR setti fundinn kl. 10:12 og fer yfir dagskrá

1. Verkefni framundan

RR kynnr verkefni sem eru framundan og þau gögn sem taka þarf saman.

Ákveða þarf:

- Tímasetningar funda verkefnastjórnar: hittast fyrir og eftir íbúafund
 - Ákveðið að funda á mánudagsmorgun og að fundarform verði blandað TEAMS og á staðnum.
- Byrja þarf á að undirbúa gögn og skipuleggja íbúafundi og samráð við íbúa
- Skoða þarf hvaða starfsmenn ættu að taka þátt til þess að veita upplýsingar á íbúafundum

Umræða um tímasetningu íbúafunda: ákveðið að halda báða íbúafundi sama dag.

2. Verkefnisstjórn/Tímalína

Næsti fundur í verkefnishópnum er 26. febrúar. Á dagskrá á þeim fundi að undirbúa íbúafundi. Þar á eftir fundur 11. mars þá ættum við að vera komin með góða mynd á stöðuna.

3. Samráð við íbúa

Ákveðið að halda íbúafundi miðvikudaginn 28. febrúar.

Borgarbyggð kl. 17-19. Hjálmaklettur

Skorradalshreppur kl. 20-22. Brún

RR býðst til þess að sjá um streymi á fundunum. Lilja B. leggur til að notast við Slido á íbúafundum. Samþykkt.

Auglýsa íbúafundi í Skessuhorni, á vefsíðum og útbúa viðburð á Facebook með góðum fyrirvara. Lilja B. mun sjá um það.

4. Gagnaöflun og samantekt

RR kynnr þau gögn sem taka þarf saman og óskar eftir ábendingum um frekari gagnaöflun.

Gagnaöflun og vinnsla

- Ársreikningar

- Gildandi fjárhagsáætlanir
- Fjárfestingaáætlanir
- Gjaldskrár og skattar
- Skipurit og uppbygging nefndastarfs
- Lögbundnar áætlanir og stefnur
- Gildandi stefnumörkun sveitarfélaganna
- Yfirlit yfir þjónustupætti

Jón sendir KPMG fjárhagsáætlanir Skorradalshrepps, önnur gögn eru aðgengileg KPMG.

Umræður vegna gagnaöflunar og undirbúnings fyrir íbúafundi:

5. Umsókn um framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

RR kynnir drög að umsókn um framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna óformlegra viðræðna sveitarfélaganna. RR fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins. Jöfnunarsjóður greiðir vinnuna og því leggst ekki kostnaður á sveitarfélögin.

6. Annað

Nefndin tekur umræðu um skipun formanns verkefnishópsins, ákveðið að tilnefna ekki ákveðinn formann og að Lilja B. sem starfsmaður verkefnishópsins fær heimild til þess að undirrita bréfið til Jöfnunarsjóðs fyrir hönd hópsins.

Fundi slitið kl. 11:10

Næsti fundur verður mánudaginn 26. febrúar.